
AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá

Fráveitu í Hveragerðisbæ nr. 119/2011

1. gr.

3. gr gjaldskrárinnar orðist svo:

Hveragerðisbær innheimtir fráveitugjald af öllum fasteignum í Hveragerði, sem tengdar eru eða munu tengjast fráveitu sveitarfélagsins, sbr. 14. gr. V. kafla laga um uppbyggingu og reksturs fráveitna.

Fráveitugjaldið, ásamt öðrum tekjum fráveitunnar stendur undir rekstri hennar.

Árlegt fráveitugjald í Hveragerði er 0,155% af fasteignamati fasteigna.

2. gr.

5. gr gjaldskrárinnar orðist svo:

Fráveita Hveragerðis annast árlega tæmingu rotþróa í eigu fasteignaeigenda í Hveragerði. Gjaldið er miðað við raunkostnað við hreinsun, urðun seyrur og umsjón með verkinu.

Árlegt gjald í Hveragerði fyrir hreinsun hverrar rotþróar minni en 5 rúmmetra að stærð eru kr. 40.500

Fyrir hreinsun rotþróa, stærri en 5 rúmmetrar skal gjald fyrir tæmingu þeirra vera í samræmi við raunkostnað í hverju tilviki fyrir sig.

3. gr.

Þannig samþykkt af bæjarstjórn Hveragerðisbæjar þann 10. desember 2020, sbr. 15. gr. laga nr. 9/2009 til þess að öðlast þegar gildi.

Hveragerði, 10. desember 2020

Aldís Hafsteinsdóttir bæjarstjóri

